



KÝR 2004 Ölfushöllinni 28. ágúst

Hátíðisdagur sunnlenskra kúabænda

Börn og unglingar sýna kálfa
Holdagripir
Fyrsta kálfs kvígur
Mjólkurkúr

Skemmtiatriði
Verðlaunagetraun
Sýning vélasala og þjónustuaðila



Stórkostlegt tækifæri til að sjá fallegar kúr,
vel tamda kálfa og ekki síst kynbótanautið

Vað 02011 frá Nautastöð Bí sem er undan
Kaðli 94017 og metkúnni Skræpu 252 í Stóru-Hildisey 2

Dagskráin verður á www.bsssl.is



Áburðarverksmiðjan hf.

Búnaðarsamband Suðurlands og Félag kúabænda á Suðurlandi - www.bsssl.is



FRÉTTABRÉF

BÚNAÐARSAMBANDS SUÐURLANDS

Júlí 2004 - 26. árgangur - 10. tölublað

KÝR 2004 - skráning

Þann 28. ágúst n.k. standa Búnaðarsamband Suðurlands og Félag kúabænda á Suðurlandi fyrir kúasýningunni KÝR 2004 í Ölfushöllinni á Ingólfshvoli.

Sýningarflokkar verða eftirfarandi: Kálfar, sýnendur yngri en 12 ára - Kálfar, sýnendur 12 ára og eldri - Holdagripir - Fyrsta kálfs kvígur - Mjólkurkúr

Nú þegar hefur verið sent út bréf þar sem óskað er eftir ákveðnum fyrsta kálfs kvígum og mjólkurkúm til sýningar en mönnum er að sjálfsögðu heimilt að koma með aðra gripi til sýningar. Þátttaka tilkynnist til Búnaðarsambands Suðurlands í síma 480 1800 eða á netfangið mundi@bsssl.is sem allra fyrst. Þær upplýsingar sem þurfa að fylgja þátttöku-tilkynningu eru nafn og númer (ef til er), ætterni og sýnandi.



SUNNU-verkefnið skilar árangri!

Þessa dagana er verið að vinna að uppgjöri síðasta árs í SUNNU-verkefni Búnaðarsambands Suðurlands. Alls er lokið uppgjöri 40 kúabúa af rúmlega 70 búum sem eru í verkefninu. Meðalsterð þessara 40 búa er um 178.000 lítrar miðað við greiðslumark í mjólk. Af heildargreiðslumarki í mjólk á Suðurlandi vege þessi 40 bú um 18% af heildinni.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi, tölur frá fyrra ári uppreiknaðar í samræmi við verðlagsbreytingar milli ára:

- * Búgreinatekjur aukast um 4,7% frá fyrra ári
- * Breytilegur kostnaður lækkar úr 31,3 kr/l í 29,8 kr/l eða um 4,8%
- * Framlegðarstig hækkar úr 63% í 66,3%
- * Framlegð á árskú hækkar úr 255.000 krónum í 285.000 krónum árið 2003
- * Fastur kostnaður lækkar lítillega milli ára, var 16,4 kr/l árið 2002 en 16,1 kr/l árið 2003

- * Afskriftir aukast úr 21,8 kr/l upp í 25,5 kr/l árið 2003
- * Fjármagnsliðir lækka úr 15,6 kr/l í 12,5 kr/l árið 2003
- * Launagreiðslugeta hækkar úr 9,2 kr/l árið 2002 upp í 12,9 kr/l árið 2003.

Ljóst er eftir þessum tölum að árið 2003 hefur verið hagstætt SUNNU-búunum að flestu leyti. Ástæða breytinga í búgreinatekjum milli ára felst að hluta í því að árið 2002 framleiddu búin um 3,5% umfram greiðslumark en lítillaga undir greiðslumarki árið 2003.

Það ánægjulega í þessum samanburði er lækkun í breytilega kostnaðinum sem stafar m.a. af lækkun á kjarnfóðurlíðnum en jafnframt hefur nýting þess kjarnfóðurs sem gefið er batnað umtalsvert milli ára. Þá lækkar einnig áburðarliðurinn milli ára.

Til hamingju SUNNU-bændur með glæsilegan árangur !

EFNI BRÉFSINS

KÝR 2004 - skráning
Bl. 1

SUNNU-verkefnið
skilar árangri
Bl. 1

Gæðastýringarnámskeið
í sauðfjárrækt
Bl. 1

Dauðfæddir kálfar -
getur ræktunarstarfið
hjálpað?
Bl. 2

Síðsumarsýning
kynbótahrossa á
Gaddstaðafötum
Bl. 2

Kyngreint sæði:
Mikið öryggi við ákvörðun
kyns
Bl. 3

Greiðslumark aukið
um milljón lítra
Bl. 3

Hrossaræktendur
Bl. 3


KÝR 2004 - auglýsing
Bl. 4

Ritstjórn:
Jóhannes Hr. Símonarson
Runólfur Sigursveinsson
Guðmundur Jóhannesson

Ábyrgðarmaður:
Sveinn Sigurmundsson
Sími 480 1800 - Fax 480 1818
Netfang: bsssl@bsssl.is
Vefslóð: <http://www.bsssl.is>
ISSN 1605-7546
Prentun:
Prentsmiðja Suðurlands ehf.

Dauðfæddir kálfar - getur ræktunarstarfið hjálpað?

Aukin tíðni dauðfæddra kálfa er vaxandi vandamál um allan heim og fer vaxandi víðar en hérlendis. Í Bandaríkjunum jókst tíðni dauðfæddra kálfa við 1. burð úr 9,5% árið 1985 í 13,2% árið 1996. Í Hollandi hefur tíðni dauðfæddra kálfa úr 10,1% árið 1995 í 12,2% árið 1999, í Svíþjóð var sambærileg tala 10,7% árið 2001 og í Danmörku voru 10,5% dauðf. kálfar við 1. burð 2003 svo dæmi séu tekin. Til samanburðar var tíðni dauðfæddra kálfa hérlendis við 1. burð 20,5% á s.l. ári (2003).



Mynd 1 Tíðni dauðfæddra kálfa í BNA, Hollandi, Svíþjóð, Danmörku og á Íslandi við 1. burð. Ártal innan sviga.

Með því að taka tillit til tíðni dauðfæddra kálfa í ræktunarstarfinu mætti áreiðanlega draga úr henni. Erlendar rannsóknir sýna að tíðni dauðfæddra kálfa er að töluverðu leyti bundin erfðum. Þannig hefur ætterni kálfanna (faðir og móðurfaðir) afgerandi áhrif og t.d. í Danmörku er breytileiki milli feðra og móðurfeðra frá 5 og upp í 18%. Hérlendar tölur úr athugun Baldurs Helga Benjamínssonar frá árinu 2001 sýna að tíðni

dauðfæddra kálfa undan óskráðum heimanautum (99999) er að meðaltali 14,03% sem er nálega tvöfalt hærra hlutfall en meðal afkvæma kynbótanautanna þar sem meðaltalið er 7,82%. Þá sýndi athugun Baldurs Helga að aukin skyldleikarækt eykur tíðni dauðfæddra kálfa.

Af framansögðu má ráða að full ástæða sé til þess að fara í útreikninga á erfðastuðlum og kanna kynbótargildi nauta m.t.t. þessa eiginleika eins og Baldur Helgi leggur til í athugun sinni. Þannig mætti t.d. hugsa sér að þau naut sem kæmu illa út hvað þennan þátt varðar kæmu ekki til áframhaldandi notkunar. Nefna má að Danir binda allmiklar vonir við að val á nautum með hliðsjón erfðastuðlum geti minnkað tíðni dauðfæddra kálfa er fram líða stundir.

Á búsvisu virðist sem minni notkun heimanauta geti strax verkað á þann hátt að minnka tíðni dauðfæddra kálfa. Heimanautin eru að sjálfsögðu algjörlega óskrif- að blað hvað eiginleika afkvæma varðar og áhættan við notkun þeirra er mikil. Annar kostur þess að sæða kvígurnar er að þannig má stjórna burðartímanum og því hvenær kvígurnar koma til framleiðslu á markvissan hátt með hliðsjón af öðrum þáttum búreksstrarins. Kvígurnar má þá búa betur undir burðinn, láta þær aðlagast framtíðarumhverfi sínu sem mjólkurkúr og því fódri sem þær eiga að fá eftir burð.

Guðmundur Jóhannesson

Heimildir:
Baldur Helgi Benjamínsson, 2001. Athugun á kálfadaða í íslenska kúastofninum. Bændasamtök Íslands. 21 s.
Hansen, Morten 2004. Kalveddelighed - et internationalt problem. Sortbroget kvæg 2. tbl.:10-13.

Síðsumarsýning kynbótahrossa á Gaddstaðaflötum

Síðsumarsýning kynbótahrossa á Gaddstaðaflötum hefst mánudaginn 16. ágúst og lýkur miðvikudaginn 25. ágúst með yfirlitssýningu. Ef þátttaka verður meiri en búist er við verður bætt við dögum. Tekið verður við skráningum dagana 4. til 10. ágúst á skrifstofu Búnaðarsambandsins í síma 480-1800. Einnig er hægt að skrá hross til sýningar á heimasíðu Búnaðarsambandsins, www.bssl.is. Sýningargjöld verða 6.500 kr. Hafí greiðsla ekki borist í síðasta lagi í lok dags 10. ágúst er viðkomandi hross ekki skráð á mótið.

Sýningargjöld er hægt að greiða á skrifstofu Búnaðarsambandsins að Austurvegi 1 á Selfossi eða inn á reikning nr. 0152-26-1618, kt: 490169-6609. Ef greitt er í banka er mikilvægt að biðja bankann um að faxes strax greiðslukvittun til Búnaðarsambandsins, faxnúmerið er 480 1818. Ef greitt er í gegnum netbanka vinsamlegast sendið greiðslukvittun á netfangið helga@bssl.is. Hægt er að greiða sýningargjöldin með kreditkort. Endurgreiðsla á sýningargjöldum kemur aðeins til greina ef látið er víta um forföll áður en dómar hefjast, þ.e. fyrir 16. ágúst.

Í sambandi við úthlutun á tímum til knapa verður viðhaft sama fyrirkomulag og undanfarin ár þ.e. að skráningum loknum verður knöpum úthlutað tímum. Aðeins hross sem greitt hefur verið fyrir fá tíma. Tímum verður dreift eins og kostur er. Röðun knapa í hverju holti verður birt á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands www.bssl.is fyrir sýningu.

Að gefnu tilefni skal það tekið fram að það er ófrávikjanleg regla að búiið sé að taka blóðprufu úr öllum stóðhestum, jafnt ungfolum sem eldri hestum, sem koma til dóms. Ungfolar sem aðeins er komið með til að fá umsögn en ekki formlegan dóm þurfa þó ekki að uppfylla þessi skilyrði.

Öll hross sem koma til dóms verða að vera einstaklingsmerkt þ.e. frost-eða örmerkt. Skal þeirri merkingu vera lokið þegar hrossin eru skráð til leiks. Rétt er að minna á að eigendaskipti á hrossum verða að berast skriflega. Eigendur hrossa sem ekki eru grunnskráð er bent á að drífa í að grunnskrá og einstaklingsmerkja þau.

Halla Eygló Sveinsdóttir

Kyngreint sæði: Mikið öryggi við ákvörðun kyns

Bandarísk rannsókn sýnir að hægt er að ákvarða kyn kálfa með um 90% öryggi við notkun á kyngreindu sæði. Rannsóknin sýnir enn fremur að það er enginn munur á kálfum tilkomnum með kyngreindu sæði og kálfum þar sem notað var hefðbundið sæði. Sama á við um meðgönguna. Enginn munur var á kúm sem sæddar voru með kyngreindu sæði og þeim sem sæddar voru með hefðbundnu sæði hvað varðar tíðni fósturláts, lengd meðgöngu og burðarerfiðleika. Þá var enginn munur á fæðingarpunga kálfa, lífsprótti við fæðingu eða þunga og þroska fyrstu mánuði eftir burð.

Rannsóknin náði til 1.169 kálfa tilkomnum með kyngreindu sæði og til samanburðar voru 739 kálfar tilkomnar með hefðbundnu sæði. Með þessum fjölda kálfa eru niðurstöðurnar mjög áreiðanlegar en rannsóknin var framkvæmd bæði á holdakúm (Angus) og Holstein-kúm. Notað var sæði úr 30 nautum og af 1.169 fæddum „kyngreindum“ kálfum voru 954 kvígur og 215 naut.

Kyngreining sæðisins var framkvæmd með skil-

vindu en sú aðferð mun notuð nánast alls staðar þar sem kyngreint sæði er komið á markað.

Kyngreining á sæði getur haft mikil áhrif á nautgripærækt en í dag eru afköst við kyngreiningu ákaflega lítil og setur aðferðinni mikil takmörk. Þess vegna er „kyngreint“ sæði þynnt meira en ella sem m.a. leiðir til lækkunar fanghlutfalls um allt að 10-15% miðað við hefðbundið nautasæði.

Tafla 1 sýnir að með um 90% öryggi er hægt að ákvarða kyn kálfs með kyngreindu sæði. Kynja-

	Alls	Kvígukálfar		Nautkálfar	
	Fjöldi	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hefðbundið sæði	793	403	50,8%	390	49,2%
Kyngreint „kvígusæði“	954	838	87,8%	116	12,2%
Kyngreint „nautasæði“	215	17	7,9%	198	92,1%

hlutfallið með hefðbundnu sæði var um 50% eins og vænta mátti. Kálfunum í rannsókninni var fylgt eftir þar til þeir voru vandir af mjólk.

Guðmundur Jóhannesson þýddi og endursagði.

Heimild: Aamand, G.P. og Borchersen, S. 2004. Kalve produceret med kønsortet sæd er normale. Kvægavleren 2(4): 9 eftir Tubman L.M, Z.Brinck, T.K.Suh og G-E.Seidel. 2004. Characteristics of calves produced with sperm sexed by flow cytometry/cell sorting. J. Anim. Sci. 82:1029-1036

Greiðslumark mjólkur aukið um milljón lítra

Landbúnaðarráðherra hefur gefið út reglugerð um greiðslumark mjólkur á lögbylum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 2004-2005. Litlar breytingar er að finna frá fyrri reglugerð um sama málefni utan það að heildargreiðslumark mjólkur er aukið um eina milljón lítra, úr 105 millj. lítra í 106 millj. lítra.

Þá er hlutfall framleiðslu af greiðslumarki mjólkur hvers lögbylis til þess að halda óskertum beingreiðslum hækkað í 90% en var áður 85%.

Hrossaræktendur

Munið fyljunarvottorðin en þau eru skilyrði þess að væntanleg folöld fái A-vottun. Hægt er að fá fyljunarvottorð á skrifstofu Búnaðarsambandsins eða á heimasíðum BSSL, www.bssl.is, undir eyðublöð hrossaræktarinnar eða á www.bondi.is.

Í reglugerðinni er að finna nýmæli er snerta aðilaskipti með greiðslumark. Þess er nú krafist að tilkynningu um aðilaskipti fylgi undirritaður samningur þar sem m.a. skal koma fram nöfn samningsaðila, kennitala, heimili og lögbylisnúmer, dagsetning samnings og gildistaka, kaupverð, verð á lítra mjólkur og heildarmagn, undirskrift kaupenda og seljenda ásamt staðfestingu vitundarvotta.

Eyðublöð fyrir tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki og samningsform er hægt að fá á skrifstofu Búnaðarsambandsins, sími 480 1800, eða á heimasíðunni, www.bssl.is.